

Alþingi, nefndarsvið
B.t. Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Garðabær 16. mars 2021

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þingskjal 942-562.mál.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

Nefndarsvið Alþingis f.h. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis óskaði eftir umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Frestur til að veita umsögn er til 16. mars 2021.

Það hefur verið mat heilbrigðisnefndar að tímabært sé að farið verði í heildarendurskoðun á lögum nr. 7/1998. Löggjöfin myndar mikilvægan hlekk í að skapa hér möguleika fyrir gott samfélag þar sem landsmenn geta búið við heilnæm lífsskilyrði í heilnæmu og lítt menguðu umhverfi. Á undanförunum misserum og árum hefur löggjöfin tekið verulegum „bútasaums“ breytingum. Þeim hefur hverju sinni verið ætlað að bregðast við einhverjum breytingum í samfélaginu, þörfum eða áreiti og hafa þess vegna allar haft það markmið að styrkja löggjöfina. Sífeldar breytingar hafa í tímans rás verið á kostnað skýrleika laganna að mati okkar sem stöndum í að framfylgja þeim. Því er tímabært að leggja í grundvallar endurskoðun laganna.

Heilbrigðisnefnd telur að flest ákvæði lagafrumvarpsins séu þess eðlis að þau styrki lögin og séu þarfar breytingar. Öðru máli gegnir um 8. gr. frumvarpsins. Leggur heilbrigðisnefnd til að hún verði feld úr frumvarpinu.

Skýring:

Í greinargerð ráðuneytisins með frumvarpinu fyrir grein 8 segir m.a:

„Í framkvæmd hefur komið í ljós óskýrleiki í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, í tengslum við hvaða stjórnvaldi beri að annast starfsleyfisútgáfu og eftirlit þegar um er að ræða starfsemi sem annast endurnýtingu úrgangs, þ.e. hvort Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd hafi það hlutverk.“

Heilbrigðisnefndir hafa haft eftirlit með meðhöndlun úrgangs um langt árabíll. Um það hefur ekki verið deilt. Óskýrleikinn sem ráðuneytið er að vísa til er veiting starfsleyfis til Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu á s.l. ári. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgdist með, yfirfór gögn, veitti ráðgjöf á þróunarstigi stöðvarinnar sem stóð yfir í töluverðan tíma og vann starfsleyfi í kjölfarið. Þegar nefndin ætlaði að gefa út leyfið úrskurðaði ráðuneytið að starfsemin skyldi falla undir aðkomu ríkisstofnunar en ekki heilbrigðisnefnd.

Afleiðing af þessum „bútasaumsbreytingum“ á lögum 7/1998 á undanförunum árum og misserum er að aðkomu heilbrigðiseftirlits að mengunarvarnamálum hefur veikst. Sveitarstjórnarstigið hefur ekki staðið í þeirri meiningu að það sé vilji Alþingis en eigi að síður hefur það þurft að standa í stöðugri varnar baráttu.



Heildarendurskoðun laganna myndi draga betur fram hvert hlutverk heilbrigðisnefnda á að vera að mati Alþingis.

Með 8. grein í frumvarpinu mun eitt stærsta iðnfyrirtækið sem heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur eftirlit með á sínu starfssvæði flytjast yfir til Umhverfisstofnunnar. Það er fyrirtækið Fura ehf. sem m.a. rekur brotamálmstöð í Hafnarfriði. Forveri fyrirtækisins, Stálfélagið féll undir eftirlit Hollustuverndar ríkisins á sínum tíma og sama gilti um þrotabú þess. Seint á síðustu öld tilkynnti Heilbrigðisnefnd Hollustuvernd ríkisins að nefndin myndi yfirtaka eftirlit með þrotabúinu. Ástandið þar væri svo slæmt að ekki yrði lengur við unað. Gerði stofnunin engar athugasemdir við þá ákvörðun. Með samþykki laga um meðhöndlun úrgangs var málaflökknum komið til heilbrigðisnefnda.

Færsla fyrirtækisins frá heilbrigðisnefnd til Umhverfisstofnunar mun byggja á eftirfarandi skilgreiningum:

Viðauki 1, gr. 5b,

Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:


iv. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

Er þörf á því að flytja eftirlit með fyrirtæki sem er að vinna hættulausan úrgang til ríkisstofnunar vegna þess að því hefur vegnað vel á markaði? Hefur náð góðri markaðshlutdeild.

Það er fleiri en ein leið til að undirbúa mál fyrir endurvinnslu. Þykkur málmúrgangur er annað hvort logsoðinn í hæfilegar stærðir eða klipptur niður. Þynnri málmhlutir eru ýmist tættir eða rúmmálsminnkaðir með því að pressa þá saman. Báðar aðferðirnar hafa verið notaðar á Íslandi. Afurðir sem koma úr síðarnefndu aðferðinni hafa ekki uppfyllt evrópsk gæða- og umhverfisviðmið og hafa því farið til Asíu í endurvinnslu.

Úrsérgengin ökutæki eru meðhöndluð fyrir förgun hjá Furu. Dekk og felgur fjarlægð, hvarfakútar sömuleiðis. Þá er allir vökvar dremaðir af tækjunum áður en þau fara í tætingu. Ef þörf er talin á frekari úrvinnslu þá þarf að taka á því í gegnum Úrvinnslusjóð. En það þarf þá væntanlega að gilda sama um bílflök sem á að rúmmálsminnka. Því má viðbæta að það eru mörg ár síðan fyrirtækið Fura hætti í samráði við heilbrigðisnefnd að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi. Eftirlitinu er ekki kunnugt um í hvaða farveg sá úrgangur fer í dag.

Heilbrigðisnefnd leggur til að grein 8 í breytingarfrumvarpi á lögum nr. 7/1998 verð felld út. Endurskoðun löggjafarinnar er þörf en nefndin sér enga þörf á að flytja eftirlitsverkefni frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og til ríkisstofnunar áður en sú endurskoðun fer fram.

F.h. heilbrigðisnefndar

Páll Stefánsson
deildarstjóri